

Heimastjórn Seyðisfjarðar - 34 (4.5.2023) - Umsagnarbeiðni, Regnbogagata á Seyðisfirði sem göngugata

Málsnúmer : 202304148
Málsaðili : Sigríður Birna Ólafsdóttir
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 04.05.2023

Inngangur :

Niðurstaða : Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni frá umhverfis- og framkvæmdasviði varðandi innsent erindi frá forsvarsaðilum handverksmarkaðarins við Norðurgötu 6. Þar er óskað eftir því að Norðurgötu (Regnbogagötu) verði lokað fyrir almennri bílaumferð yfir sumartímann.

Heimastjórn tekur vel í hugmyndina og leggur til að umferð almennra ökutækja verði takmörkuð og haft verði samráð við verslun og þjónustu á svæðinu um hvaða vöruafhendingar þurfa að fara fram um götuna. Heimastjórn leggur áherslu á að útfærsla lokunar verði ekki til þess að trufla ásýnd götunnar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.